

044/01 - Boði SH 184

Boði SH 184, fær á sig sjó norður af Öndverðanesi

Boði SH 184

Skipaskr.nr.: 7087

Smíðaður: Hafnarfirði 1988 Plast

Stærð: 3,77 brl; 4,10 bt

Lengd: 7,82 m **Breidd:** 2,17 m **Dýpt:** 1,17 m

Vél: Yanmar 38,00 kW **Árgerð:** 1988

Annað:

Földi skipverja: 1

Atvikalýsing

Milli kl. 18:00-18:30 þann 14. maí 2001 var Boði SH 184 á leið til hafnar á Rífi úr veiðiferð. Veður: ANA-15m/sek

Boði SH 184 fór á sjó milli 07:00 og 08:00 um morgunin og var þá blíðskaparveður. Haldið var í "Flákann" sem er NNV af Rífi og verið þar á handfæraveiðum til kl. 16:30 en þá var veður tekið að versna af norðaustri. Veðrið hafði farið úr logni í NA-10-15 m/sek. á skömmum tíma og náð upp talsverðum sjó.

Á siglingunni til hafnar fór bæði veður og sjólag versnandi og eftir 7-8 sml. siglingu reið brot yfir bátinn á bakborða og fyllt hann af sjó. Báturinn lagðist í stjórnborða en hélt ferð á hliðinni undan brotinu. Rennihurð á stýrishúsinu lokaðist og átti skipverjinn í erfiðleikum með að komast út, en gat spennt hana upp með skrúfjárn. Skipverjinn kom út gúmmíbjörgunarbat, en þá var báturinn farinn að rétta sig. Tókst skipverjanum að halda bátnum upp í veðrið á meðan lensidælur dældu sjónum úr honum auk þess sem skipverjinn kastaði afla fyrir borð. Skipverjinn kom bátnum að eigin rammleik til hafnar í fylgd annarra báta sem komið höfðu til aðstoðar.

Við rannsókn kom fram

- að báturinn hafði ekki tilkynnt sig á sjó þegar lagt var í ferðina;
- að sjálfvirka tilkynningarskyldu kerfið var ekki í gangi um borð þennan dag en skipstjórinn sagðist hafði tekið hana úr sambandi samkvæmt ráðleggingum starfsmanna Tilkynningarskyldunnar vegna flökts en gleymt að setja hana aftur inn;
- að báturinn var með um 12-1400 kg af afla um borð;
- að skv. upplýsingum frá veðurstofu var sjóveðurspá fyrir Breiðafjörð kl. 06:30 þannig: *Fremur hæg breytileg átt og skýjað en N 10-15 með smáskúrum eða slydduéljum upp úr hádegis;*
- að sögn skipverjans hafði hann hlustað á veðurfréttir áður en hann hélt á sjó og þá hafi verið spáð NV átt með kvöldinu og hann hefði ekki náð útvarpi þar sem hann var staddur á veiðum;
- að skipstjórinn sagðist hafa hlustað á veðurspá um morguninn og þá hefði verið spáð norðvestan átt um kvöldið og að hann hefði ekki átt von á þeim veðrabrigðum sem urðu;
- að samkvæmt upplýsingum frá veðurathugunarstöðinni á Gufuskálum frá kl. 18:00 þá fóru vindhviður upp í 20,7m/sek.

Nefndarálit

Nefndin telur orsök slyssins vera þá að brotsjór lenti á bátnum og ekki hafi verið tekið tillit til veðurspár þegar tímalengd sjóferðarinnar var ákveðin. Veðurspá um morguninn gaf fyllilega til kynna að von var á slæmu veðri.

Nefndin áréttar að skipstjórar gangi úr skugga um að allur öryggisbúnaður skipsins, þar með talinn tilkynningarskyldubúnaður, sé í lagi.